

Nr. 14
8 sept.

Lög

um

afhendingu á landi til kirkjugarðs í Stokkseyrarsókn.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Låenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi nauðsynlegt land undir nýjan kirkjugarð handa Stokkseyrarsókn, enda komi fult endurgjald fyrir.

2. gr.

Sóknarnefndin ákveður, í samráði við biskup, hve nær eignarnám skuli fara fram, hvar land skuli tekið og hversu mikið. Um framkvæmd eignarnámsins fer að öðru leyti eftir gildandi lögum um það efni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Skagen, 8. september 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.).

Jón Magnússon.